




Dagskrá

24. starfsár 2005-'06



■ **26. nóvember** Laugardagur kl. 17.00

Upphaf nýs starfsárs Listvinafélagsins

Opnun myndlistarsýningar

**Kristín Gunnlaugsdóttir, myndlistarmaður
og Margrét Jónsdóttir, leirlistakona**

sýna í forkirkju Hallgrímskirkju
(26. nóvember - 27. febrúar 2006)

**Leikið á klukkuspil Hallgrímskirkju
– aðventan hringd inn**

Hér mætast tveir miðlar, málun og leir.

Hin beina snerting handarinnar sem heldur utan
um leirinn og hin innri snerting hugarins við
lönd undirmeðvitundarinnar sameina hér verkin.

K.G.

■ **27. nóvember** Fyrsti sunnudagur í aðventu kl. 11.00

Aðventuguðsþjónusta

með Biskupi Íslands Herra Karli Sigurbjörnssyni
Mótettukór Hallgrímskirkju syngur aðventutónlist undir
stjórn Harðar Áskelssonar.
Drengjakór Reykjavíkur og Barna- og unglingakór
Hallgrímskirkju syngja undir stjórn Friðriks S. Kristinssonar.
Organisti: Björn Steinar Sólbergsson.

Jólatónlistarhátíð Hallgrímskirkju 2005 (27. nóvember–11. desember)

■ **29. nóvember** Þriðjudagur kl. 20.00

Jólatónleikar Mótettukórs Hallgrímskirkju

Útgáfutónleikar geisladisksins *Jólagjöfin*

Mótettukór Hallgrímskirkju, Ísak Ríkhartsson drengja-sópran, Sigurður Flosason saxófónn og Björn Steinar Sólbergsson orgel flytja aðventu- og jólatónlist. Efnisskráin, sem var á síðasta ári með svipuðum hætti og hlaut afar góðar móttökur, er komin út á geisladiskinum *Jólagjöfin*. Hún er byggð á íslenskum jólalögum í viðhafnarbúningi, bæði nýjum og gömlum. Ísak Harðarson syngur m.a. *Hátíð fer að höndum ein* og *Nóttin var sú ágæt ein* ásamt kór, saxófóni og orgeli. Sigurður Flosason og Mótettukórinn spinna jólalegan hljómvef úr þekktum jóla- og aðventusálmum. Einnig verða fluttar alþekktar aðventu- og jólaperlur úr alþjóðlegum tónlistararfi kirkjunnar. Stjórnandi: Hörður Áskelsson
Aðgangseyrir: 2.500,-
50% afsláttur fyrir listvini: 1.250,-



■ **3. desember** Laugardagur kl. 17.00

Jólatónleikar Mótettukórs Hallgrímskirkju endurteknir

■ **4. desember** Sunnudagur kl. 17.00

Frönsk orgeljól

Björn Steinar Sólbergsson, organisti Akureyrarkirkju og aðstoðarorganisti Hallgrímskirkju leikur. Glæsileg, frönsk jólatónlist fyrir orgel eftir Balbastre, Daquin, Guilmant o.fl.
Aðgangseyrir: 1.500,- Innifalið í árgaldi Listvinafélagsins



■ **10. desember** Laugardagur kl. 17.00

11. desember Sunnudagur kl. 15.00

J. S. Bach *Jólaóratórían I-III*

Flytjendur: Hulda Björk Garðarsdóttir sópran, Sesselja Kristjánsdóttir alt, Eyjólfur Eyjólfsson tenór, Ágúst Ólafsson bassi, Schola cantorum og Alþjóðlega barokksveitin frá Den Haag í Hollandi
Stjórnandi: Hörður Áskelsson

Eitt fegursta og vinsælasta jólaverk allra tíma hljómar í fimmta sinn á vegum Listvinafélagsins, nú í annað sinn á Íslandi í flutningi kammerkórs með fullskipaðri barokkhljómsveit. Alþjóðlega barokksveitin frá Den Haag í Hollandi, sem skipuð er úrvals hljóðfæraleikurum frá tuttugu þjóðlöndum, kemur nú fram í þriðja sinn í Hallgrímskirkju eftir frábærar undirtektir á Jólatónlistarhátíð Hallgrímskirkju 2004 og Kirkjulistahátíð 2005.

Aðgangseyrir: 3.000,-
50% afsláttur fyrir listvini: 1.500,-



■ **11. desember 2005** Sunnudagur kl. 18.00

J. S. Bach *Jólaóratórían IV-VI*

Hinn hrifandi síðari hluti Jólaóratóríunnar, sem sjaldnar heyrir, hljómar nú í fyrsta sinn á Íslandi með barokkhljómsveit.

Flytjendur: sjá að ofan.

Aðgangseyrir: 3.000,-
50% afsláttur fyrir listvini: 1.500,-

■ **31. desember 2005** Gamlárskvöld kl. 17.00

Hátíðarhljómar við áramót

Árlegir hátíðartónleikar þremmenninga sem stundum koma fram undir nafninu Trompeteria. Fyrir marga orðinn ómissandi þáttur í hátíðarhöldum Gamlárskvölds. Margir kjósa að sitja áfram í kirkjunni og taka þátt í Aftansöng klukkan 18.00.

Á efnisskránni alþekkt verk eftir Bach, Albinoni o.fl.

Flytjendur: Ásgeir H. Steingrímsson trompet

Eiríkur Örn Pálsson trompet

Hörður Áskelsson orgel

Aðgangseyrir: 1.500,-
50% afsláttur fyrir listvini: 750,-



■ **21. janúar 2006** Laugardagur kl. 12.00

Klaisorgelið hljómar

Hádegistónleikar með kynningum

Guðmundur Sigurðsson leikur

Guðmundur Sigurðsson organisti Bústaðakirkju býður áhugasömum hlustendum að orgelinu. Stuttir hádegistónleikar með kynningum. Hádegishressing í suðursal kirkjunnar að tónleikunum loknum.

Ókeypis fyrir börn, kr. 1.000,- fyrir fullorðna

Innifalið í árgjaldi Listvinafélagsins

■ **19. febrúar 2006** Sunnudagur kl. 17.00

Kórtónleikar I

Frönsk og íslensk a capella
kórtónlist

Kór Áskirkju og Hljómeysi flytja.

Stjórnandi Kári Þormar.

Sameinaðir kórarnir flytja Messu eftir Poulenc í G-dúr o.fl.

Aðgangseyrir: 2.000,-

50% afsláttur fyrir listvini: 1.000,-

■ **26. febrúar 2006** Sunnudagur kl. 17.00

Trompeteria á Vetrarhátíð 2006



Flytjendur „Hátíðarhljóma við áramót“ flytja efnisskrá sem þeir léku í Keisarasalnum í Filharmóníunni í St. Pétursborg í október sl. fyrir fullu húsi við frábærar undirtektir. M.a. verður flutt nýtt verk eftir Jón Hlöðver Áskelsson ásamt sígildum

perlum og glæsiverki eftir franska tónskáldið Dubois.

Flytjendur: Ásgeir H. Steingrímsson trompet

Eiríkur Örn Pálsson trompet

Hörður Áskelsson orgel

Dagskráin er í samvinnu við Vetrarhátíð í Reykjavík

Ókeypis fyrir börn, kr. 1.500,- fyrir fullorðna

50% afsláttur fyrir listvini: 750,-

■ **4. mars 2006** Laugardagur kl. 17.00

„...eilíðar smáblóm“

Opnun myndlistarsýningar

Sigrún Eldjárn sýnir myndverk í
forkirkju Hallgrímskirkju

Sýningin stendur til 30. maí 2006

■ **19. mars 2006** Sunnudagur kl. 17.00

Kórtónleikar II

Schola cantorum og Schütz

Schola cantorum og einsöngvarar úr kórnum, ásamt hljóðfæraleikurum flytja mótettur og „Litla andlega konserta“ eftir Heinrich Schütz.

Stjórnandi: Hörður Áskelsson

Aðgangseyrir: 2.000,-

50% afsláttur fyrir listvini: 1.000,-

■ **2. apríl 2006** Sunnudagur kl. 17.00

Kórtónleikar III

Barokktónleikar á föstunni

Dietrich Buxtehude: Membra Jesu nostri

Sjö kantötur um líkama Krists á krossinum

Flytjendur: Hymnodía, Kammerkór Akureyrar-

kirkju og hópur barokkhjóðfæraleikara frá Svíþjóð.

Einsöngvari: Anna Zander mezzosópran

Stjórnandi: Eypór Ingi Jónsson

Aðgangseyrir: 2.000,-

50% afsláttur fyrir listvini: 1.000,-

■ **14. apríl 2006** kl. 13.00-19.00

Föstudagurinn langi

Passíusálmar Hallgríms Péturssonar

Upplstur Passíusálmanna er orðin föst hefð í Hallgrímskirkju á föstudaginn langa og sækir þangað mikill mannfjöldi allan daginn til að hlýða á skáldskap Hallgríms.

Tónlistaratriði verða milli lestranna.


Lesarar kynntir síðar.



„eilíðar smáblóm“

Í svörtum sandauðnum landsins leynast blóm. Blóm sem eru örsmá en litsterk og kraftmikil. Blóm sem hvert og eitt þjóna tilgangi í hinna stóru heild.

SELD



Ásgerður Búadóttir er frumkvöðull nútímavefflistar á Íslandi. Verk hennar hafa ætíð haft sterka skírskotun til landsins og til náttúrunnar. Það er Listvinafélagi Hallgrímskirkju mikill heiður að fá tækifæri til að sýna verk hennar á sumarsýningunni í ár.

■ **3. júní 2006** Aðfangadagur hvítasunnu kl. 17.00

Opnun sumarsýningar

Ásgerður Búadóttir textillistakona sýnir myndverk í forkirkjunni

Sýningin stendur til 26. ágúst 2005



■ **5. júní 2006** annar í hvítasunnu kl. 17.00

Kórtónleikar IV

Hvítasunnuómar

Vortónleikar Mótettukórs Hallgrímskirkju

Mótettukór Hallgrímskirkju hefur haldið tónleika á annan dag hvítasunnu allt frá upphafi starfs síns. Á efnisskránni eru m.a. glæsileg kórverk eftir Gorecki og Brahms, sem ekki hafa áður hljómað í flutningi Mótettukórsins.

Stjórnandi: Hörður Áskelsson

Aðgangseyrir: 2.000,-

50% afsláttur fyrir listvini: 1.000,-

■ **17. júní - 13. ágúst 2006**

„Sumarkvöld við orgelið“

Innlendir og erlendir organistar eru gestir Klais orgelsins um helgar, á hádegistónleikum á laugardögum og kvöldtónleikum á sunnudögum. Íslenskir organistar leika í hádeginu á fimmtudögum, einnig í samleik með öðrum hljóðfæraleikurum eða söngvurum. Hádegistónleikaröðin á fimmtudögum er skipulögð í samvinnu við Félag íslenskra organleikara.

17./18. júní Bróðir Andreas Warler
frá Steinfelt, Þýskalandi

24./25. júní Thomas Trotter, Englandi

1./2. júlí Per Ahlman, Gävle, Svíþjóð

8./9. júlí Guðný Einarisdóttir, Íslandi


15./16. júlí Hannfried Lucke, Salzburg,
Austurríki

22./23. júlí Sophie-Veronique Cauchefier-
Chopin, París, Frakklandi

29./30. júlí Bine Bryndorf, Kaupmannahöfn,
Danmörku

5./6. ágúst Christoph Schoener,
Michaeliskirche, Hamborg,
Þýskalandi

12./13. ágúst Eyþór Ingi Jónsson,
Akureyrarkirkju, Íslandi





Stjórn Listvinafélagsins 2005-2006

Stjórn Listvinafélags Hallgrímskirkju skipa:
Dr. Margrét Eggertsdóttir, formaður, dr. Gísli Sigurðsson
íslenskufraeðingur, Jón Reykdal myndlistarmaður,
Guðmundur Hallgrímsson lyfjafræðingur, Þóra Kristjánsdóttir
listfræðingur og Hörður Áskelsson kantor Hallgrímskirkju,
listrænn stjórnandi félagsins.

Varamenn: Sr. Kristján Valur Ingólfsson og Elín Edda
Árnadóttir búninga- og leikmyndahönnuður.
Framkvæmdastjóri: Inga Rós Ingólfssdóttir sellóleikari

Listvinafélag Hallgrímskirkju

Listvinafélag Hallgrímskirkju var stofnað 1982 með það markmið að efla listalíf við Hallgrímskirkju í Reykjavík. Listvinafélagið er nú orðið einn af hornsteinum í listalífi Reykjavíkur með blómlegu listastarfi árið um kring. Á 24. starfsári félagsins er sem fyrr lögð áhersla á að undirstrika hátíðir kirkjuársins með viðamiklum tónlistarflutningi á aðventu, föstu, páskum, hvítasunnu og Allra sálna messu.

Á starfsárinu verða tvær tónlistarhátíðir, **Jólatónlistarhátíð í Hallgrímskirkju 27. nóvember til 11. desember** og **Alþjóðlega orgeltónleikaröðin „Sumarkvöld við orgelið“ 17. júní til 13. ágúst**. Þá efnið Listvinafélagið til afmælishátíðar í tengslum við **20 ára vígsluafmæli Hallgrímskirkju**, þar sem Óratórían Cecilia eftir Áskel Másson verður frumflutt, málþing um meistara Hallgrím Pétursson og samtímamenn hans verður haldið og myndlistarsýning 20 íslenskra listmálara verður opnuð.

Hádegistónleikaröðinni „**Klaisorgelið hljómar**“, sem hóf göngu sína fyrir 2 árum verður haldið áfram, en markmiðið er að opna hljómheim orgelsins enn frekar fyrir áheyrendum á öllum aldri. Þá stendur Listvinafélagið fyrir **4 myndlistarsýningum** á starfsárinu í forkirkjunni.

Hvað felst í því að vera listvinur?

Með því að greiða fast árgjald að Listvinafélagi Hallgrímskirkju mynda listvinir nauðsynlegan fjárhagsgrunn til að standa straum af kostnaði við hið metnaðarfulla listastarf Listvinafélagsins.

Innifalið í árgjaldinu er:

- Aðgangur að alþjóðlegu orgeltónleikaröðinni „**SUMARKVÖLD VIÐ ORGELIÐ 2006**“ og hádegistónleikaröðinni „**KLAIS ORGELIÐ HLJÓMAR**“, samtals 28 orgeltónleikar.
- 50 % afsláttur af almennu miðaverði á aðra tónleika á vegum Listvinafélagsins.
- Boð á opnanir á myndlistarsýningar á vegum Listvinafélagsins.

Eftirtalin fyrirtæki veita listvinum afslátt gegn framvísun félagsskírteinis:

12 tónar, Skólavörðustíg 25, **15% afsláttur**

Kirkjuhúsið, Laugavegi 31, **10% staðgreiðsluafsláttur**

Blómaval, Skútuvogi, Kringlunni og Smáralind, **10% staðgreiðsluafsláttur**.

Hygea, Laugavegi 23, Kringlunni og Smáralind, **10% staðgreiðsluafsláttur**

Efnalaugin Kjöll og hvítt, Eiðistorgi og Kringlunni, **20% staðgreiðsluafsláttur**

Árgjald Listvinafélags Hallgrímskirkju er krónur: **5.000,-**

Afsláttarverð fyrir eldri borgara og námsmenn yngri en 26 ára: **krónur 3.000,-**

Afsláttarverð fyrir maka: **krónur 3.000,-**

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU


Hallgrímskirkju • Skólavörðuholti • 101 Reykjavík

Sími: 510 1000, 696 2849 • Fax: 510 1010

Netfang: list@hallgrimskirkja.is • Veffang: www.hallgrimskirkja.is

Dagskráin er birt með fyrirvara um breytingar





Það er ekki auðvelt að færa í orð innihald þess, sem í myndum mínum verður sýnilegt, en eftirfarandi lesmál er ekki fjarri lagi: „Tákn teiknuð túlkuð máluð. Leiðin dulda að settu marki. Listin að láta táknin tala.“

H. H.

■ **2. september** Laugardagur kl. 17.00

Opnun haustsýningar

Haflíði Hallgrímsson sýnir

■ **16. september** Laugardagur kl. 12.00

Klaisorgelið hljómar

Hádegistónleikar með kynningum.

Björn Steinar Sólbergsson organisti Akureyrar-kirkju og aðstoðarorganisti Hallgrímskirkju leikur.

Stuttir hádegistónleikar, þar sem hlustendur eru leiddir um töfraheim orgelsins.

Ætlað öllum aldurshópum.

Hádegishressing í suðursal kirkjunnar að tónleikunum loknum.

Ókeypis fyrir börn, kr. 1.000,- fyrir fullorðna

Innifalið í árgjaldi Listvinafélagsins

■ **26.-29. október 2006**

20 ára vígsluafmæli Hallgrímskirkju

Myndlistarsýning tuttugu myndlistarmanna með portretmyndum af Hallgrími Péturssyni.

Málþing um Hallgrím Pétursson og samtímamenn hans í Evrópu í umsjón dr. Margrétar Eggertsdóttur. Hátíðarmessa á Hallgrímsdegi.



■ **5. nóvember** Sunnudagur kl. 20.00

Allra Heilagra messa

Kórtónleikar V

Requiem eftir André Campra

Schola cantorum ásamt barokksveit flytja einstætt verk eftir franskan barokkhöfund.

Aðgangseyrir: 2.000,-

50% afsláttur fyrir listvini: 1.000,-



■ **22. nóvember** Miðvikudagur kl. 20.00

Dagur Heilagrar Sesselju

Kórtónleikar VI

Cecília eftir Áskel Másson

Texti: Thor Vilhjálmsson

Óratórían Cecília fyrir kór, hljómsveit, einsöngvara og steinaspil, er nú í smíðum, en hún er byggð á sögu heilagrar Sesselju, verndardýrlings tónlistarinnar.

Flytjendur: Mótettukór Hallgrímskirkju, Kammersveit Hallgrímskirkju.

Einsöngvarar kynntir síðar.

Stjórnandi: Hörður Áskelsson

Styrkt af Kristnihátíðarsjóði

Lyst með list

Listvinafélag Hallgrímskirkju stefnir að fjáröflunarmálsverði í annað sinn á þessu starfsári, en ákveðið hefur verið að efna til slíkar veislu, það ár sem Kirkjulistahátíð er ekki haldin. Árið 2004 söfnuðust á sjötta hundruð þúsund króna á hátíðarkvöldverði á veitingahúsinu

Apótekinu, þar sem fjöldi einstaklinga og fyrirtækja

lagði sitt af mörkum,

bæði veitingar og glæsileg skemmtiatriði á sannkölluðum „lystviðburði“.

„Lyst með list 2006“ verður haldin á fyrri hluta ársins. Staður og stund verða auglýst í tíma.



Bænastundir með orgeltónlist

á fimmtudögum klukkan 12.00:

Í hádeginu á fimmtudögum er boðið upp á hálf tíma langa tónlistarandakt í Hallgrímskirkju.

Leikið er á Klais orgel Hallgrímskirkju og býður stundin upp á eftirsóknarvert andrúm fyrir íhugun.

Léttur hádegisverður í safnaðarsalnum eftir andaktina.